

# Öryggis- og vinnuverndarstefna Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir eru hafnarfyrirtæki og landeigandi sem leggur áherslu á öryggismál. Það felst m.a. í að vera leiðandi fyrirtæki í öryggismálum hafna og að vinna að stöðugum umbótum í því skyni að auka öryggisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna og lágmarka þannig þá áhættu sem felst í starfsemi fyrirtækisins.

Faxaflóahafnir eru með starfsemi á fjórum hafnarsvæðum þar sem umsvif fyrirtækisins og fyrirtækja sem starfa á hafnarsvæðunum krefjast varúðar. Fyrirtækinu er því umhugað um að öryggi og heilsa starfsmanna þess sé höfð í öndvegi.

Helstu áherslur Faxaflóahafna sf. í öryggismálum eru eftirfarandi:

- Að tryggja öryggi, lágmarka áhættu og stuðla að slysalausum vinnustað, svo allir komi heilir heim bæði á líkama og sál.
- Að tryggja virka þátttöku starfsfólks og stuðning stjórnenda varðandi öryggismál.
- Að þekkja og uppfylla kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.
- Að öryggismál verði höfð að leiðarljósi við hönnun og rekstur mannvirkja og svæða.
- Að reglulegt og markvisst eftirlit verði með ástandi vinnusvæða, mannvirkja, tækja og öryggisbúnaðar.
- Að leggja áherslu á öryggismál við kaup á vörum og þjónustu og stuðla þannig að framförum í öryggismálum á vinnumarkaði.
- Að hvetja verktaka og rekstraraðila á hafnarsvæðum til að uppfylla og fara eftir viðurkenndum öryggiskröfum.
- Að innleiða vottað öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við staðalinn ISO 45001 og vinna að stöðugum umbótum með því að draga lærdóm af og bæta úr því sem betur má fara.

Samþykkt á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf.  
þann 4. júní 2019

**Gísli Gíslason, hafnarstjóri**